

Ný reglugerð um næringar- og heilsufullyrðingar við merkingar matvæla

24. apríl 2007

Brynhildur Briem fagstjóri

Fullyrðingar, skilgreining

- **Fullyrðing** er merking eða tilvísun á hvaða formi sem er, sem greinir frá eða gefur til kynna að matvælin hafi sérstaka eiginleika
- Með matvælum er bæði átt við hefðbundin matvæli og fæðubótarefni


Form fullyrðinga

- Texti
- Lögun umbúða
- Myndmál, merki, gröf


Dæmi um að fullyrðing geti verið myndræn



Dæmi um að fullyrðing geti verið myndræn



Dæmi um að vöruheiti getur verið fullyrðing



Tegundir fullyrðinga

- **Næringargildisfullyrðing** (Nutrition claim) - fjallar um að vara innhaldi eða innihaldi ekki orku og/eða næringarefni
 - Dæmi: orkuskertur, sykurlaus, trefjaríkur
- **Heilsufullyrðing** (health claim) - fjallar um samhengi neyslu vörunnar og heilsufars eða einhverskonar áhrif á líkamsstarfsemina
 - Dæm: kalk styrkir bein, ginseng eykur þol
- **Fullyrðing um að vara dragi úr áhættuþáttum sjúkdóma** (reduction of disease risk claim)
 - Dæmi: Lækkar kólesteról í blóði, styrkir ónæmiskerfið

Dæmi um ýmsar fullyrðingar



**HOLLARI
ÍSLENSKIR
TÓMATAR**

Lýkópen er í flokki karótínóíða sem gefur tómötum rauða litinn, er öflugt andoxunarefni og er talið veita vörn gegn hjartasjúkdómum og krabbameini í blöðruhálskirtli og meltingarvegi.

Læknisfræðilegar fullyrðingar

- Ef staðhæft er í fullyrðingu að neysla vörunnar **fyrirbygggi eða lækni sjúkdóma** er ekki lengur um matvæli að ræða heldur **lyf**
 - Dæmi: Læknar krabbamein, kemur í veg fyrir sykursýki
- Má ekki rugla saman við fullyrðingar á matvælum (fæðubótarefni meðtalin)

Nýjar reglur Evrópusambandsins

- Þann 1. júlí nk. tekur gildi ný reglugerð um næringar- og heilsufullyrðingar innan EB (EC/1924/2006)
- Óljóst er hvenær reglugerðin tekur gildi hér á landi
- Fram að því gilda ákvæði úr reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla nr 588/1993 (sú gamla) IV kafli

Næringarfullyrðingar

- Í viðauka nýju reglugerðarinnar er langur listi yfir leyfðar fullyrðingar um næringarefni
 - Dæmi: létt, lítið af mettaðri fitu, án viðbættis sykurs, próteingjafi, inniheldur efnið X
- Fram koma skilyrði fyrir hverja fullyrðingu
- Ef á þarf að halda mun Framkvæmdastjórn EB uppfæra listann í framtíðinni í samstarfi við samtök hagsmunaaðila (iðnaður, inn-/útflytjendur og neytendur)

Úr reglugerð um merkingu matvæla (nr 503/2005)

- Óheimilt er að eigna matvælum þá eiginleika að fyrirbyggja eða vinna á sjúkdómum manna, hafa lækningamátt eða vísa til þess háttar eiginleika (5. gr. 3. liður)
- Þrátt fyrir þetta opnast skv. nýju reglug. möguleiki á að sækja um leyfi fyrir fullyrðingar um að neysla vöru/matvæla dragi úr áhættuþáttum sjúkdóma

Fullyrðingar sem þarf að sækja um leyfi til notkunar á til EB

- Fullyrðing um að vara/matvæli **dragi úr áhættuþáttum sjúkdóma** og fullyrðingar er varða **heilsu og þroska barna**
- Fullgerðri umsókn ásamt niðurstöðum vísindarannsókna sem styðja fullyrðinguna komið til Umhverfisstofnunar (UST)
- Sem síðan sendir hana til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA)
- Ef Framkvæmdastjórn EB veitir leyfi fer fullyrðingin á lista yfir leyfðar fullyrðingar

Heilsufullyrðingar

- Aðildarríki EB skulu safna saman þeim heilsufullyrðingum sem hagsmunaaðilar óska eftir að nota
- Lista með óskum skal skila inn til Framkvæmdastjórnarinnar í jan. 2008. Úr innsendum óskum verður unninn leyfilegur listi sem gefin verður út sem hluti reglugerðarinnar í janúar 2010
- Fullyrðingarnar verða að vera rökstuddar með vísindalegum rökum

UST auglýsir eftir heilsufullyrðingum

- Nú gefst kostur á að senda inn þær heilsufullyrðingar sem óskað er eftir að nota eftir að nýja reglugerðin tekur gildi á Íslandi
- Sérstakt eyðublað mun liggja á www.ust.is
- Óskunum þurfa að fylgja vísindaleg gögn sem styðja fullyrðingarnar
- Farið verður yfir óskirnar á UST áður en þær eru sendar áfram til Framkvæmdastjórnar EB (verða ekki sendar áfram ef á þeim er formgalli)
- Frestur til að senda inn óskir til UST **rennur út 1. okt. 2007**

Eyðublaðið

- Nafn, heimilisfang og netfang þess sem sendir inn (UST áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum ef á þarfa að halda)
- Hver er fullyrðingin?
- Á hvaða vöru/vöruflokk á að nota hana?
- Innihaldslýsing
- Nafn og magn virks efnis sem fullyrt er um
- Vísindalegur rökstuðningur

Vísindalegur rökstuðningur fyrir heilsufullyrðingar

- Greinar úr ritrýndum tímaritum
- Afrit af niðurstöðum rannsókna, helst óháðum, ritrýndum (peer-reviewed)
- Álit vísindanefnda (s.s. EFSA, WHO)
- Kaflar úr viðurkenndum fagbókum um næringar-, lífeðlis- eða lífefnafræði (viðtekin vísindi)

Almennt um vísindaleg rök

- Hvar birtast niðurstöðurnar?
- Er hægt að endurtaka rannsóknina og fá út sömu niðurstöður?
- Eru niðurstöðurnar yfirfæranlegar á heildina?
- Er tölfræðilega marktækur munur?
- Er samhengi milli skammta og verkunar?
- Eru áhrifin varanleg?
- Er verkunin sérhæfð?

Flokkar heilsufullyrðinga

1. Um hlutverk næringarefna eða annarra efna í vexti, þroska eða í annarri líkamsstarfsemi
2. Áhrif á andlegt ástand eða hegðun
3. Um megrun, stjórn líkamspyngdar eða um skerðingu á fánægri orku úr fæðunni, þó að teknu tilliti til reglug. um megrunarfæði nr. 674/1998

Hlutverk og varnaglar fyrir notkun fullyrðinga

- Fullyrðingum er ætlað að koma upplýsingum á einfaldan hátt til neytenda
- Þær mega ekki:
 - Vera rangar eða villandi
 - Vekja vantrú á öryggi eða næringargildi annarra matvara
 - Stuðla að ofneyslu
 - Fullyrða eða gefa í skyn að ekki sé hægt að fullnægja næringarþörf með fjölbreyttu fæði (nema þær aðstæður ríki í viðkomandi landi)

Skilyrði fyrir notkun heilsufullyrðinga

- Efnið sem um ræðir þarf sannanlega (vísindalega) að hafa tilætluð áhrif
- Efnið þarf að vera í því magni í lokaafurð sem ætla má að hafi verkun miðað við eðlilega neyslu vörunnar
- Efni þarf að vera á því formi að það sé nýtanlegt í líkamanum
- Fullyrðingin þarf að vera skiljanleg fyrir almennan neytanda

Samantekt

- Fram til 1. okt. 2007 er hægt að senda til UST óskir um heilsufullyrðingar. Rök byggð á almennum viðurkenndum vísindum þurfa að fylgja
- Þegar reglugerðin tekur gildi á Íslandi
 - Taka næringarfullyrðingarnar í viðauka gildi
 - Verður hægt að sækja um til EB að nota fullyrðingar um að neysla vöru dragi úr áhættuþáttum sjúkdóma og fullyrðingar um heilsu og þroska barna. Umsóknir skulu sendar til UST ásamt víðindalegum rökum (rannsóknnum).
- Fram að því gilda ákvæði úr reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla nr 588/1993 (sú gamla) IV kafli